

SAMSKIPTASAMNINGUR BJARKARHLÍÐAR.

Í samskiptasamningi Bjarkarhlíðar er lögð áhersla á að starfsfólk upplifi sálrænt öryggi og vellíðan á vinnustaðnum. Línurnar í samskiptasamningnum byggja á því hvernig starfsfólk vill að starfsstaðurinn sé m.t.t. starfsanda, starfsmenningar og samskipta.

Helstu lykil-gildi sem Bjarkarhlíð stendur fyrir eru:

Virðing - Jákvæðni – Hugrekki - Fagmennska

Virðing: Við virðum ólík sjónarmið og mörk hvers annars. Við sýnum heiðarleika í samskiptum og starfi og einsetjum okkur að tala við fólk, ekki um fólk. Við þurfum ekki ætíð að vera sammála en með virðingu að leiðarljósi sýnum við umburðarlyndi og erum opin fyrir ólíkum skoðunum. Með virðingu að leiðarljósi sýnum við samkennd gagnvart öðrum og hlúum að okkur sjálfum. Við erum til staðar fyrir aðra og reynum að setja okkur í spor annarra.

Jákvæðni: Með jákvæðni í huga lærum við að í erfiðum aðstæðum getum við alltaf fundið jákvæða þætti. Jákvæðnin hefur að geyma kraft sem skapar von. Jákvæðnin hefur áhrif á samskipti starfsfólks og á þjónustuþega því jákvæð samskipti smita út frá sér. Jákvæðnin felur í sér umhyggju sem skapar ákveðna vernd fyrir starfsfólkið. Jákvæðni í viðmóti er mikilvægur þáttur og að hrósa hvert öðru er gott andlegt vítamín.

Hugrekki: Að hafa hugrekki hefur keðjuverkandi áhrif á vinnustaðnum. Að hafa þor til að hafa frumkvæði og að leyfa skapandi hugsun að njóta sín, sama þó við teljum að einhverjum þyki hugmyndin miður góð. Að vera opin til að leita nýrra leiða og fá fleiri fagaðila að borði. Við gerum okkar besta, hræðumst ekki að gera mistök. Við eigum að geta tjáð hugsanir okkar og skoðanir en á málefnalegan hátt. Við þorum að láta vita ef okkur mislíkar eitthvað. Að efla og skapa vinnustað krefst bæði hugrekkis og æfingar. Hugrekkið gefur okkur þor til að standa með sjálfum okkur.

Fagmennska: Fagmennskan snýst um það hvernig við sem starfsfólk miðlum viðhorfum okkar, þekkingu og hvernig við högum okkur. Við höfum siðareglur Bjarkarhlíðar að

leiðarljósi þegar við hugum að fagmennsku. Við notum reynslu okkar, þekkingu og hæfni í vinnunni. Til að lyfta fagmennskunni upp á hærra plan sýnum við heiðarleika sem er sterkur grunnur fyrir áreiðanleika og traust, bæði fyrir samstarfsfólk og þjónustuþega. Við erum ekki alltaf með svörin á reiðum höndum og við viðurkennum að við þurfum stundum rými til að skoða mál og kynna okkur aðstæður. Við þurfum að skilja samhengi hlutanna í mismunandi aðstæðum og aðlaga hegðun okkar að þeim.

Við sýnum nærgætni og tillitsemi í opnu rými og gætum þess að þagnarskyldan gildir um það sem við verðum áskynja í öllum rýmum Bjarkarhlíðar.

Dags og staður

Undirskrift starfsmanns.
